

Tillaga að verkefni á nýjan vegvísi um rannsóknarinnviði 2025

Titill verkefnis: Þjóðmálakannanir háskólanna

Heiti stofnunar: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Vinsamlegast hafið eftirfarandi atriði í huga við gerð tillögunnar

Umsækjandi þarf að svara öllum liðum hér að neðan. Þar sem stendur „Texti“ er hægt að skrifa texta, setja inn myndir eða töflur.

Tillögum að innviðum á vegvísi um rannsóknarinnviði skal skilað á þar til gerðu eyðublaði. Ekki er leyfilegt að eiga við uppsetningu eyðublaðsins.

Skjalið „Tillaga að innviðum á vegvísi um rannsóknarinnviði“ skal að hámarki vera þrjár blaðsíður, auk forsíðu, eða samtals fjórar blaðsíður. Nota skal leturgerð og leturstærð eins og stillt er í eyðublaðinu, þ.e. 11 punkta Calibri (body). Ekki er leyfilegt að breyta breidd spássíu eða beyta fyrirsögnum í eyðublaðinu. Umsókn skal senda inn sem PDF-skjal.

Festur til að skila inn tillögum er til 12. september 2024, kl. 15.00.

Nánari upplýsingar er að finna á [heimasíðu Innviðasjóðs](#) og hjá sérfræðingum Innviðasjóðs hjá Rannís í gegnum tölvupóstfangið innvidasjodur@rannis.is

Lýsing á tillögu til birtingar á heimasíðu Innviðasjóðs

1. Samantekt: Stutt lýsing innviðum

Íslenskir háskólar hafa áratugum saman safnað margvíslegum gögnum um íslensku þjóðina með könnunum sem nefna mætti þjóðmálakannanir. Þetta eru almennar spurningakannanir þar sem jafnt fræðafólk sem aðilar utan háskólanna (einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir) geta nýtt rannsóknarinnviði háskólanna til að afla gagna um ýmis málefni. Í mörgum tilvikum hafa þessar kannanir verið hluti af rannsóknarstarfi háskólanna en einnig oft verkefni sem flokka mætti sem útselda þjónustu til atvinnulífsins, bæði hins opinbera geira og einkageira. Meðal stofnana sem sinnt hafa þessari þjónustu eru Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri en sambærilegar kannanir hafa þó verið gerðar víðar innan háskólanna.

Lausleg athugun hefur leitt í ljós að hjá þessum tveimur stofnunum má finna að lágmarki 120 gagnaskrár sem flokka mætti sem almennar þjóðmálakannanir. Um er að ræða kannanir sem ná allt aftur til ársins 1986 og fram til dagsins í dag. Stærstur hluti þessara gagna er þess eðlis að hann væri unnt birta í opnum aðgangi. Efnistökin eru fjölbreytt en tengjast gjarnan málefnum líðandi stundar og er að því leyti ekki síður áhugavert að skoða hvaða málefni eru til skoðunar hverju sinni en sjálfar niðurstöður kannananna.

Með uppbyggingu á gagnþjónustu GAGNÍS sem tekið getur við rannsóknargögnum og hýst í opnum aðgangi samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum (FAIR viðmiðum) hafa skapast algerlega nýir möguleikar til að veita fræðafólki, nemendum, sérfræðingum, fjölmiðlafólki og öllum almenningi aðgang að gögnum sem orðið hafa til í rannsóknarstarfi háskólanna. Mikilvægt er að gengið sé skipulega til verks í að tryggja langtíma varðveislu þessara gagna og skapa möguleika á frekari nýtingu þeirra til kennslu og rannsókna.

2. Meginmarkmið með uppbyggingu innviða?

Sífelld ríkari krafa er gerð til vísindasamfélagsins um opin aðgang að vísindaefni og í íslenskum lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (nr. 3/2003) er meðal annars kveðið á um að niðurstöður rannsókna, sem kostaðar eru með styrkjum úr sjóðum er falla undir lögin, skuli birtar í opnum aðgangi og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið. Sambærilegar kröfur hafa ekki verið gerðar til rannsóknargagna en þróunin innan vísindasamfélagsins hefur þó verið mjög ákveðið í þá átt að rannsóknargögn séu gerð aðgengileg og í flestum löndum hafa verið byggðar upp gagnþjónustur sem geta varðveitt gögn og gefið aðgang að þeim eftir ýmsum skilyrðum.

Gagnþjónusta félagsvísinda á Íslandi (GAGNÍS) var sett á fót innan Félagsvísindasviðs HÍ í árslok 2018 til að svara vaxandi þörf fyrir gagnþjónustu á Íslandi sem gæti tekið við rannsóknargögnum, hýst þau og veitt aðgang að þeim í samræmi við alþjóðleg viðmið um umsýslu gagna. Árið 2021 tóku Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík höndum saman um áframhaldandi þróun GAGNÍS og fengu til þess styrk úr Innviðasjóði. Þetta þróunarstarf hefur skilað þeim árangri að GAGNÍS hýsir nú þegar 28 gagnasöfn sem hafa, ásamt ýmsum fylgiskjölum, verið sótt tæplega 6.500 sinnum frá því að núverandi hýsingarkerfi var tekið í notkun árið 2021. Þessi mikla notkun á þjónustunni er

meðal annars vegna þess að gögn sem hýst eru hjá GAGNÍS eru notuð við kennslu. Mikilvægt er að fjölga gagnasöfnum í opnum aðgangi og fjölga þeim viðfangsefnum sem þau ná yfir til að svara betur þeirri þörf sem reynslan sýnir að er til staðar fyrir félagsvísindaleg gögn í opnum aðgangi.

Fyrirsjáanlegt er að nýleg lagasetning og almenn viðhorfsbreyting innan vísindasamfélagsins ásamt þróun tæknilausna til birtingar á rannsóknargögnum mun leiða til þess að á komandi árum verður hækkandi hlutfall gagna sem aflað er í vísindarannsóknnum sett í opinn aðgang. Aðgengi að gögnum sem þegar hefur verið aflað verður hins vegar ekki bara takmarkað með sama hætti og verið hefur heldur má vænta þess með tímanum að það verði sífellt erfiðara að nálgast slík gögn. Þar kemur meðal annars til sú hætta sem er á að gögn glatist þegar þau eru varðveitt á einkatölvum eða almennum skjalavistunarsvæðum stofnana innanum fjölda skjala sem svo eru ekki talin hafa neitt varðveislugildi. Einnig getur orðið nær útilokað að skera úr um heimild til þess að endurnýta gögn nema unnt sé að ná samandi við þá einstaklinga sem komu að söfnun þeirra.

Með því að ráðast í markvissar aðgerðir til að birta fyrirliggjandi gögn í opnum aðgangi má þannig ná þremur markmiðum. Í fyrsta lagi að tryggja langtímavarðveislu gagna sem annars er hætta á að glatist. Í öðru lagi að bæta almennt aðgengi að gögnum til notkunar við kennslu og þjálfun og sköpunar á nýrri þekkingu. Í þriðja lagi þróa verkferla og vinnulag sem svo getur nýst til að birta önnur fyrirliggjandi gögn í opnum aðgangi.

3. Hvernig mun innviðauppyggingin stuðla að nýliðun og leiða til aukins samstarfs og betri nýtingar innviða?

Með opnu og auðveldu aðgengi að íslenskum rannsóknagögnum í skilvirku og notendavænu viðmóti skapast möguleikar á að nýta þau gögn til kennslu og til þjálfunar í vísindalegum vinnubrögðum. Eftir því sem meiri áhersla er lögð á það almennt að nýta fyrirliggjandi gögn í rannsóknnum er mikilvægt að nemendur og ungt vísindafólk hafi góð tækifæri til að þjálfast sig í notkun slíkra gagna og geti þar nýtt íslensk gögn ekki síður en alþjóðleg.

Með því að stóruka framboð af félagsvísindalegum gögnum í opnum aðgangi má binda vonir við að fleiri rannsóknarstofnanir stigi það skref að gera gögn aðgengileg sem svo aftur hvetur til aukins samstarfs og felur í sér betri nýtingu á rannsóknarinnviðum sem til eru.

4. Hverju munu innviðirnir breyta miðað við stöðuna í dag?

Mikið af gögnum hefur orðið til í rannsóknnum sem gerðar voru fyrir þann tíma að farið var að leggja áherslu á opið aðgengi að gögnum. Mjög misjafnt er hversu mikla vinnu þarf að inna af hendi til að unnt sé að birta slík fyrirliggjandi gögn í opnum aðgangi; þar getur verið um að ræða allt frá nokkrum klukkustundum til nokkurra daga. Meðal þess sem þarf að gera er að yfirfara gögnin með tilliti til persónuverndarsjónarmiða og taka saman lýsigögn á borð við breytulykla og framkvæmdalýsingar. Eðli málsins samkvæmt er talsvert hagræði fólgið í því að vinna samhliða með mörg svipuð gagnasöfn og binda má vonir við að vinnslutími verði styttri eftir því sem reynsla og þekking byggist upp. Því er sjónum hér beint að gögnum þar sem til er umtalsverður fjöldi gagnaskráa sem eru einsleitar hvað varðar ýmis tæknileg atriði en spanna á sama tíma mjög vítt málefnasvið.

5. Framtíðarsýn uppbyggingar og reksturs

Uppbygging GAGNÍS (gagnaþjónustunnar sem notast verður við til að hýsa gögnin) hefur miðast við að þjónustan sé bæði gagnaeigendum og notendum að kostnaðarlausu. Enginn beinn kostnaður mun því falla til þegar gengið hefur verið frá gögnum til birtingar. Með því að ráðast í jafn viðamikla birtingu gagna í opnum aðgangi og hér er lagt til er ljóst að byggjast mun upp dýrmæt reynsla og þekking á verklagi við að birta gögn í opnum aðgangi almennt. Unnt verður að byggja á þessum grunni ef vilji er til þess síðar að birta gögn úr fleiri rannsóknum sem gerðar hafa verið af þeim stofnunum sem hér vilja leggja saman krafta sína eða ef aðrar stofnanir kjósa að feta sömu braut með sín gögn.

6. Áætluð fjármögnunarpörf næstu ár

Áætlað er að hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri sé að finna að lágmarki 120 gagnaskrár sem flokka mætti sem almennar þjóðmálakannanir og að meðalkostnaður við að undirbúa hverja þeirra til birtingar sé um 350 þKr á núgildandi verðlagi. Fjármögnunarpörf ræðst síðan af því hversu stóran hluta þessara gagna birta á í opnum aðgangi og hversu hratt er farið í það verkefni. Ef umfang verkefnisins miðaðist við að birta 60 gagnasöfn á ári í opnum aðgangi tæki um tvö ár að vinna þær 120 gagnaskrár sem finna má hjá stofnununum tveimur og árlegur kostnaður gæti numið um 23 mKr.